

Nd. **125. Nefndarálit** [106. mál]

um frv. til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt ákvæðum þessa frv. er lagt til að lögfest sé, að verðbótavísitala skuli vera 151 stig á tímabilinu 1. desember 1978 til 28. febrúar 1979. Með því er verið að skerða verðbótavísitöluna um 8% frá því sem gildandi kjarasamningar mæla fyrir um.

Eins og í athugasemdum með frv. segir, eru þær ráðstafanir, sem í því felast, eingöngu miðaðar við lausn þess efnahagsvanda, sem fyrirsjáanlegur er 1. des. n. k. og í því sambandi tekið fram: „Þó ber að líta á þetta frumvarp sem lið í

þeirri viðleitni ríkisstjórnarinnar að ná fram varanlegum breytingum í efnahagsmálum sem komi til framkvæmda þegar á árinu 1979. Að þessu er unnið í samráði við aðila vinnumarkaðarins, enda er árangur óhjákvæmilega mjög undir því kominn, að gagnkvæmur skilningur ríki á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um nauðsyn slíkra aðgerða.“

Minni hl. tekur undir þýðingu slíks samráðs og harmar og átelur, að það var ekki haft við gerð þessa frv. Þannig kom fram á fundi nefndarinnar, að aðilar vinnumarkaðarins, sem þar mættu, fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasambandi Íslands og Verslunarráði, höfðu lítið eða ekkert af þessum efnahagsráðstöfunum að segja, fyrr en þær lágu fyrir í frumvarpinu, eins og það var lagt fyrir á Alþingi. Þá kom fram, að fulltrúar Vinnuveitendasambandsins hafa einungis verið kallaðir á einn samráðsfund fyrir u. þ. b. sex vikum og fulltrúar Alþýðusambandsins á tvo til viðbótar.

Eins og af þessu má sjá, hefur það fyrirheit, sem forsætisráðherra gaf í stefnu-ræðu sinni um samstarf við aðila vinnumarkaðarins og hann kallaði „sjálfa forsendu stjórnarsamstarfsins“, reynst næsta fánýtt hjál, en hann sagði um þetta atriði: „Ríkisstjórnin leggur áherslu á, að komið verði á traustu samstarfi fulltrúa launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds, sem miði m. a. að því að treysta kaupmátt launatekna, jafna lífskjör og tryggja vinnufrið.“

Ef horft er til þeirrar reynslu, sem orðin er af starfsaðferðum ríkisstjórnarinnar að þessu leyti, er naumast unnt að taka það aivarlega, þótt í greinargerð með frumvarpinu séu áfram gefin fyrirheit um samráð við aðila vinnumarkaðarins. Það er jafnvíst að þau leysist upp í reyk, sem líði yfir dal og hól.

Kjarni frumvarpsins eru þau efnisatriði, sem felast í 4. gr., en þar er því slegið föstu, að verðbætur á laun skuli ákveðnar samkvæmt verðbótavísitölu 151 stig frá 1. desember til 28. febrúar. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir minni hl. nefndarinnar til að fá fram skilning meiri hl. á því, hvort í greininni fælist bann við greiðslu hærri verðbóta, fékkst ekki niðurstaða af því, en formaður hennar kvaðst líta á það sem túlkunatriði. Þó kom fram hjá embættismanni fjármálaráðuneytisins, að svo bæri að skilja frv. að frekari verðbætur væru bannaðar á þessu tímabili. Sumir nefndarmenn meiri hl. tóku undir þá túlkun, en aðrir töldu ekkert því til fyrirstöðu, að gildandi samningar og samþykktir héldu gildi sínu. Viðhorf meiri hl. í þessum efnum var svo óljóst og sundurþykkt, að ekki verður nein niðurstaða af því dregin.

Á hinn bóginn kom fram, að fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands töldu frv. bindandi að þessu leyti, en fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambands Íslands ekki.

Í frumvarpsgreininni er ákveðið, að á verðbætur nú komi sama þak og ákveðið var í bráðabirgðalögum um kjaramál frá því í september.

Það kom fram hjá formanni BSRB, að stjórn þess teldi ekki rétt farið að í efnahagsaðgerðum þessum, þar sem enn einu sinni væri farið inn á þá braut að skerða gerða samninga með löggjöf, og kvaðst hann hafa lýst því yfir við ríkisstjórnina, að BSRB mundi mótmæla þessari aðferð.

Forseti ASÍ upplýsti, að miðstjórn þess hefði ekki tekið ákveðna, bindandi afstöðu til þessara efnahagsaðgerða.

Það kom fram hjá fulltrúum vinnuveitenda, að atvinnuvegirnir eru ekki við því búnir að taka á sig þær nýju álögur, sem í frv. felast.

Um 2. gr. og 3. gr. frv. er það fyrst að segja, að í þeim felast ekki lagafyrirmæli, heldur er um almennar viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar að ræða, að hún muni einhvern tíma síðar meir beita sér fyrir lagasetningu og aðgerðum, sem eru óljós að efni til. Ekki verður séð, með hvaða rökum slíkar almennar viljayfirlýsingar eru lagðar fyrir Alþingi í frumvarpsformi. Á hinn bóginn getur komið til kasta Alþingis síðar meir að knýja á um efndir þessara fyrirheita.

Meiri hl. nefndarinnar vildi ekki, að kauplagsnefnd yrði falið að meta áhrif 2. og 3. gr. á verðbótavísitöluna, svo sem tekið er fram um niðurgreiðslur í 1. gr., þótt það mat í sjálfu sér hafi ekki áhrif á verðbótavísitöluna skv. 4. gr.

2. gr. frv. er yfirlýsing um, að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir lækkun skatta og gjalda á lágtekjufólki, sem metin skyldi sem 2% af verðbótavísitölu. Ekki fengust nánari skýringar á, hvað hér væri átt við með „lágtekjufólki“, né heldur, í hverju þessar skattalækkningar yrðu fólgnar, og ekki heldur um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um hækkun beinna skatta að öðru leyti en því, að það hefur verið orðað að fella skyldusparnaðinn inn í tekjuskattinn. Þá eru fyrirhugaðar hvers konar álögur á atvinnuvegina. En það er sömu sögu að segja af þeim, að engar skýringar fást, hvorki um það, hvernig þeim verður hagað í einstökum atriðum né hversu hárrí fjárhæð þær muni nema í heild.

Ekki fengust heldur skýringar á 3. gr. umfram það sem í frumvarpinu stendur, ekki einu sinni um það, hversu miklu fé ríkisstjórnin hygðist verja á næsta ári til þeirra félagslegu umbóta, sem þar er greint frá. Slík vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnar, þegar fjallað er um frv., sem hefur mikil útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð, eru virðingu Alþingis ósamboðin.

1. gr. frumvarpsins er óþörf, þar sem ríkisstjórnin hefur út af fyrir sig heimildir til að auka niðurgreiðslur, en verðbótavísitölunni er slegið fastri í 4. gr. Niðurgreiðsla vöruverðs er þegar komin á það stig, að það skekkir alla verðmyndun í Þjóðfélaginu. Minni hl. telur, að þegar sé of langt gengið á þeirri braut, auk þess sem niðurgreiðsla vöruverðs er gerð á þeirri forsendu, að hún vegur minna í útgjöldum fjölskyldunnar en í kaupgjalds- eða framfærsluvísitölunni.

Athygli vekur, að þessar efnahagsráðstafanir eru að því leyti harðari en í febrúarlögunum, að ekki er gert ráð fyrir lágláunauppbót eins og þá, auk þess sem jafnvel er talið að óheimilt verði að greiða hærri verðbætur en 151 stig, en engin slík fortakslaus hönn var í þeim lögum að finna.

Í 5. gr. er hækkun bóta almennatrygginga ekki í samræmi við verðbólguaukninguna, því þessir aðilar munu ekki nema að mjög takmörkuðu leyti njóta þeirra félagslegu umbóta, sem látið er í veðri vaka að verði gerðar.

Bráðabirgðalögin í september voru hornsteinn stjórnarsamvinnunnar og um leið var endurtekið stefnið frá því í vor um samningana í gildi. Þá var ákveðið, að hinir hæst launuðu skyldu fá 10—12% kauphækkun; þeir, sem t. d. unnu við fiskvinnslu venjubundinn yfirvinnutíma eða ákvæðisvinnu, fengu 3.5—4%, en engin hækkun varð á dagvinnutekjum lág- og millitekjufólks. Þetta varð árangurinn af yfirlýsingunni um „samningana í gildi“, en meðalhækkun launakostnaðar var um 6%. Í raun voru samningarnir þó ekki settir í gildi, þar sem vísitölupaki var haldið eftir sem áður þótt því væri lyft eilítið. Þetta var annars vegar framkvæmt með auknum niðurgreiðslum, sem á hinn bóginn voru fjármagnaðar með nýrri skattlagningu og hallarekstri ríkissjóðs. Landsmenn urðu því að greiða laun sín niður sjálfir.

Með setningu þessara bráðabirgðalaga afhjúpaðist einhver mesti blekkingavefur okkar daga í stjórnmalabaráttu landsins. Þess vegna er nú ráðist í nýjar efnahagsaðgerðir til bráðabirgða og með það að markmiði að unnt verði að koma verðbólgunni niður í 30% á næsta ári. En hefðu febrúarlögin náð yfirlýstum tilgangi sínum, hefðu skemmdarverk ekki ráðið ferðinni og hefði sýndarmennska ríkisstjórnarinnar með bráðabirgðalögunum í september ekki séð dagsins ljós, hefði verðbólgan allt árið 1978 orðið 30%. Í athugasemdum með frumvarpinu setur ríkisstjórnin sér það mark, að launa- og verðlagshækkningar nemi 5% 1. mars n. k. Þó liggur fyrir samkvæmt spám Þjóðhagsstofnunar, að framfærsluvísitalan muni að vísu ekki hækka nema 5½%, en á hinn bóginn mun hækkun kaupgjaldsvísitölunnar nema 8—9%, sem er sú almenna verðhækkun í landinu, þegar auknum niðurgreiðslum er sleppt. Og í sumum spám er jafnvel gert ráð fyrir allt að 11%

verðlagshækkunum. Er því ljóst, að í þessu frumvarpi felst ekki nein frambúðarlausn á verðbólguvandannum og allt á huldu um hvað gerast muni 1. mars.

Eins og að framan er rakið er 1. gr. frv. þarflaus. 2. og 3. gr. eiga ekki heima í lögum. Stjórnarflokkarnir koma sér ekki saman um skilning á 4. gr. Upplýsingar fást ekki um fyrirhugaðar skattaálögur. Engu að síður ætla stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar að knýja málið fram óbreytt.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, og alls málatilbúnaðar þessa frumvarps telur minni hl. eðlilegt að greiða atkvæði gegn 1. gr. frv., en láta stjórnarsinnnum eftir að bera ábyrgð á lagasetningunni að öðru leyti.

Alþingi, 28. nóv. 1978.

Steinþór Gestsson.